



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 138/707
komudagur 11.12.2009

Umsögn til, efnahags- og skattanefndar Alþingis, frumvarp til laga um tekjuskatt o.fl. (landið eitt skattumdæmi o.fl.), 138. löggjafarþing 226. mál. mál.

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags 5. desember s.l. þar sem óskað er umsagnar Fjórðungssambands Vestfirðinga um ofangreint mál.

Fjórðungssamband styður markmið frumvarpsins um að gera landið að einu skattumdæmi undir yfirstjórn Ríkisskattstjóra, enda auki það jafnræði einstaklinga og lögaðila gagnvart skattayfirvöldum.

Fjórðungssambands Vestfirðinga lýsir hinsvegar miklum áhyggjum af tillögu frumvarpsins hvernig staðið skuli að breytingum á stjórnslu skattamála og þeim mikla hraða á þeim breytingum. Telur Fjórðungssamband Vestfirðinga að áform þessi verði að ræða í samhengi við stefnumörkun ríkisstjórnar um gerð sóknaráætlunar 20/20 og sóknaráætlanir landshluta. Í þessari stefnumörkun er m.a. kynnt svæðaskipting sóknaráætlana landshluta, alls sjö svæði og eru m.a. Vestfirðir tilgreindir sem eitt landssvæði og höfuðborgarsvæðið sem annað slíkt. Fjórðungssamband Vestfirðinga bendir hér einnig á, að eitt af þremur meginmarkmiðum byggðaáætlunar 2006-2009, er að efla þrjá landshlutakjarna m.a. á Ísafirði og eitt af þremur meginatriðum í sömu áætlun, er fjölgun opinberra starfa á landsbyggðinni. Stjórnvöld hafa einnig lýst því markmiði að fjölga störfum án staðsetningar.

Framangreind atriði þarf að áréttta því fleiri frumvörp liggja nú fyrir eða verða lögð fyrir Alþingi næstu misseri og varða breytingar í stjórnkerfinu. Með ákvörðunum um fyrirkomulag rekstrar framkvæmdavalds, dómsvalds og löggjafarvalds taka stjórnvöld beinan þátt í skipulagi búsetu í landinu. Forða þarf því, að slíkar ákvarðanir séu teknar án samhengis við heildarstefnu stjórnvalda.



Fjórðungssamband Vestfirðinga bendir einnig á að þróun efnahagslífs síðustu misseri er sönnun þess að varhugavert er að setja öll egg í eina kröfu. Meðvituð eða ómeðvituð stefna síðasta áratug um eflingu höfuðborgarsvæðis beið ákveðið skipbrot og án núverandi fjölbreytni í búsetu má fullyrða að samfélagið lent í meira vanda en ella. Stjórnvöld geta því stuðlað að vörnum í þessum efnum með því að viðhalda sterkum stjórnsýslukjörnum.

Um markmið frumvarpsins

Markmið frumvarpsins eru

- að lækka kostnað við rekstur skattkerfisins í heild þannig að hann rúmist innan fjárheimilda sem koma til með að skerðast á næstu árum,
- að fækka óhagkvæmum rekstrareiningum, en efla enn frekar þær einingar sem eftir standa,
- að tryggja áframhaldandi árangur og skilvirkni skattfirvalda.

Í greinargerð frumvarpsins er síðan farið nánar yfir rökstuðning á breytingum með vísan til þess að núverandi fyrirkomulag hafi margvíslega ókosti, s.s. að skortur sé á sérhæfingu, ójafnvægi sé í starfsmannafjölda miðað við fjölda skattgreiðenda í hverju umdæmi, erfiðlega gangi að ráða háskólamenntað fólk til starfa á skattstofum á fámennum svæðum og mikill kostnaður hljótist af því að halda úti mörgum starfseiningum. Jafnframt er bent á að þróun í upplýsingatækni hafi gjörbylt vinnulagi og aukið afköst.

Fjórðungssamband Vestfirðinga telur að tillaga frumvarpsins, um fækkun skattstofa úr níu í fimm en jafnframt verði verkefnum dreift með fjarvinnslu, feli í sér ákvörðun um lokun starfsstöðva. Enda segir í greinargerð frumvarpsins *Óhjákvæmilegt er að skipulag starfseminnar þróist í tímans rás og að skipulaginu verði þannig háttáð að saman fari góð nýting fjármagns og skilvirk skattframkvæmd. Með bættum samgöngum og auknum rafrænum samskiptum við skattgreiðendur þykir koma til greina að leggja einhverjar einingar niður á næstu árum eftir því sem aðstæður skapast.*



Fjórðungssamband Vestfirðinga telur að af framangreindu sé ljóst að frumvarpið þarfnist vandaðar yfirferðar og skýra verði stöðu starfsstöðva með tilliti til eftirfarandi atriða

- a. Hver eiga að vera mörk þjónustusvæða, ásættanlega þjónustusókn og þolmörk fyrir íbúa landsins? Í þessu samhengi má nefna að verði starfstöð lokað á Ísafirði er akstursvegalengd aðra leiðina fyrir íbúa á norðanverðum Vestfjörðum, á næstu skattstofu Vesturlands/Vestfjarða á Akranesi, á milli 400 til 450 km eftir árstíma. Íbúar á sunnanverðum Vestfjörðum yrðu í sambærilegri stöðu og í dag og miðað við þjónustusókn á Ísafjörð eða Akranes, nema yfir sumartímam þegar Hrafnseyrarheiði er opin, en staða Strandamanna er því sem næst óbreytt. Flug er einungis kostur fyrir íbúa á norðanverðum Vestfjörðum, ef miðað er við að reka erindi á sama degi. Væntanlegur ferðatími aðra leið með flugi frá Ísafirði til Reykjavíkur með tilliti til innritunar í flugstöð og akstur upp á Akranes má áætla að verði tæpir tveir tímar.
- b. Ef þjónustusókn er álitin verða hverfandi vegna þróunar á rafrænni stjórnsýslu, er þá ekki jafn hugsanlegt að fækka starfsfólki í stærstu starfsstöðvum og efla minni starfstarfsstöðvar í sérhæfum verkefnum? Fjórðungssamband Vestfirðinga vill benda á í þessu samhengi að á vegum annarra ráðuneyta t.d. Dóms- og mannréttindaráðuneytinu hefur á síðustu árum ýmis starfsemi verið byggð upp á þess vegum. Þar er tekið tillit til sérhæfingar t.d. við innheimtu hraðaaksturssekta og skráning og skönnun þinglýsingarskjala. Á sama hátt verður að gera þá eðlilegu kröfu til fjármálaráðuneytis að við slíkar stórar breytingar á málaflokki stjórnvalda, að ráðuneytið kanni til hlítar uppbyggingu á sérhæftri starfsemi á núverandi starfstöðvum og nýta mannauð sem þar er til staðar.
- c. Litlar upplýsingar eru í greinargerð um hinn “mikla” kostnað sem talinn er vera af minni starfstöðvum. Tilgreindur er heildarkostnaður við starfstöðvar og vekur þá athygli að kostnaður á stöðugildi hjá skattstjórum utan Reykjavíkur, þar sem hann er verulega hærri, er nokkuð jafn eða sem nemur frá 5,8 til 7 mkr. Hér þarf nánari upplýsingar hvernig kostnaður á að lækka ef ekki á að segja upp starfsmönnum nema




með eðlilegum starfslokum. Felst þá sparnaður í að fjöldi starfsmanna sem eru með hvað lengstan starfsaldur komi til með að láta af störfum innan skamms tíma?. Er þá spurt eru þeir hlutfallslega flestir á landsbyggðinni ?

- d. Tilgreint er vandamál með ráðningu sérhæfðra starfsmanna. Óskað er nánari skýringa á þessu “vandamáli” úr því það er dregið fram, Á það við allar starfstöðvar á landsbyggðinni og hvort sama vandamál, en af öðrum toga sé til staðar á höfuðborgarsvæði t.d. aukinni starfsmannavelta. Minnt er á umræðu um starfsmannamál hins opinbera á höfuðborgarsvæðinu þegar þensla efnahagslífs var hvað mest. Skoða má þennan mikilvæga þátt einnig í því samhengi að hið opinbera byggir upp og viðhalda hópi hæfra stjórnenda með nauðsynlega framhaldsmenntun. Sama á við, hvort sem borið er niður á landsbyggð eða höfuðborgarsvæði þá mynda þessir íbúar, hinn nauðsynlega kjarna hvers samfélags, kjarna sem byggir á menntun, starfsreynslu og þekkingu á málefnum svæðisins. Hér er á engan hátt gert lítið úr öðrum störfum, fremur að undirstrika áherslu á samsetningu atvinnulífs.

Ljós er nauðsyn hagræðingar í ríkisrekstri og að nýta framþróun hins rafræna samfélags Hins vegar þá er það mat Fjórðungssambands Vestfirðinga að greinargerð frumvarpsins sé ekki nægjanlega upplýsandi um áhrif hagræðingar á starfsemi væntra starfstöðva ríkisskattstjóra.. Mikilvægt að fá þetta nánar útlistað, því að öðrum kosti stendur greinargerð frumvarpsins og til hennar verður vísað við framkvæmd laganna. Er því að lokum spurt eins og í upphafi, hver er samþætting frumvarpsins við stefnu stjórnvalda er varðar sóknaráætlun Íslands til 2020 ?

Ísafirði 11. desember 2009.

f.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga


Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri

Fylgiskjal. Ályktun 54. Fjórðungspings Vestfirðinga um opinber verkefni.



Fylgiskjal með umsögn til Alþingis.

“Vestfirðir í sókn

54. Fjórðungsping Vestfirðinga haldið á Ísafirði, 4.-5. September 2009 skorar á sveitarfélög og stjórnvöld að taka upp náið samstarf um mótun framtíðarsýnar og sóknaráætlunar fyrir Vestfirði.

Allt frá stofnun Fjórðungssambands Vestfirðinga fyrir sextíu árum hefur sambandið haldið hagsmunum Vestfirðinga á lofti og ítrekað ályktað um grunnþarfir vestfirskra byggða. Þótt ýmsir stórir áfangar hafi náðst hafa þessar áherslur að mörgu leyti verið hunsaðar af stjórnvöldum, einkum ef litið er til þróunar í öðrum landshlutum. Fjórðungsping áréttar að enn er svo margt ógert í uppbyggingu á grunnþjónustu í fjórðungnum að það stendur framförum á Vestfjörðum fyrir þrifum. Til að snúa vörn í sókn leggur Fjórðungsping áherslu á eftirfarandi:

Opinber verkefni

- Áframhaldandi starfsemi og fjárveitingar til opinberra stofnanna á Vestfjörðum verði tryggðar. Þingið áréttar að þótt oft sé auðveldast að skera niður það sem fjærst er, þá er slíkt ekki alltaf hagkvæmast til lengdar.
- Samstarfssamningur vestfirskra sveitarfélaga og ríkisins á sviði menningarmála verði framlengdur til tveggja ára með óbreyttri fjárveitingu og óbreyttu starfssvæði. Arangur samningsins verði metinn á gildistíma loknum.
- Áframhaldandi rekstur atvinnuþróunarfélaganna verði tryggður og vaxtarsamningar endurnýjaðir.
- Stjórnvöld beiti sér fyrir því að tryggja áframhaldandi fjármagn til verkefna sem lögð voru til í skýrslu Vestfjarðanefndarinnar sem og í verkefni sem sett voru á laggirnar til mótvægis við samdrátt í þorskveiðum.
- Tryggja þarf rekstur og ráðgjöf Fjölmenningsseturs til framtíðar en breyttar þjóðfélagsaðstæður geta valdið því að innflytjendur eigi frekar undir högg að sækja á Íslandi og lendi í hópi þeirra sem minnst mega sín.
- Lagt er til að skattkerfið og ýmsar ívilnanir verði nýttar sem tæki til jöfnunar búsetuskilyrða milli landshluta líkt og gert er víða um heim. “